

Drög (29.11.2021)

**Skjal nr. 19/00741-1**

**Mál nr. 19/00741**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. [...]**

**frá [...]**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- (1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 270, 29.10.2018, bls. 37, Stjtið. ESB L 305, 26.11.2019, bls. 59, Stjtið. ESB L 7, 11.1.2021, bls. 53 og Stjtið. ESB L 204, 10.6.2021, bls. 47.
- (2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1693 frá 11. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/848 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara að því er varðar daginn þegar hún kemur til framkvæmda og tilteknar aðrar dagsetningar sem um getur í þeirri reglugerð <sup>(2)</sup>.
- (3) Reglugerð (ESB) 2018/848 fellir úr gildi reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(3)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- (4) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um plöntuheilbrigði. Löggjöf um plöntuheilbrigði fellur utan við gildissvið EES-samningsins og ákvæði sem varða plöntuheilbrigði gilda því ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- (5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- (6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 381, 13.11.2020, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

### *I. gr.*

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 54b (reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32018 R 0848**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 270, 29.10.2018, bls. 37, Stjtið. ESB L 305, 26.11.2019, bls. 59, Stjtið. ESB L 7, 11.1.2021, bls. 53 og Stjtið. ESB L 204, 10.6.2021, bls. 47, breytt með:

- **32020 R 1693**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1693 frá 11. nóvember 2020 (Stjtið. ESB L 381 13.11.2020, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðarinnar gilda ekki að því er varðar plöntuheilbrigði í EFTA-ríkjunum.
- b) Skilja ber vísanir til viðmiða sem eru sett fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013, að því er varðar EFTA-ríkin, sem vísanir til settra viðmiða í landsrétti EFTA-ríkjanna.
- c) Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa aðgang að þeim kerfum sem lýst er í 1. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 51. gr.
- d) Eftirfarandi er bætt við á eftir orðinu „viðskiptasamningi“ í ii. lið b-liðar 1. mgr. 45. gr.:

„, eða, að því er varðar EFTA-ríkin, í ákvörðunum EFTA-ríkjanna sem teknar eru í samræmi við aðra málsgrein 47. gr.“.

- e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 47. gr.:

„Hafi Sambandið viðurkennt þriðja land í samræmi við þetta ákvæði skal það tilkynna fastanefnd EFTA-ríkjanna um það. EFTA-ríkin skulu innan 30 daga frá viðtöku tilkynningarinnar taka ákvörðun um viðurkenningu á jafngildi þriðja landsins og skilyrðum tengd vörum sem tilgreind eru í tilkynningu Sambandsins. Upplýsa skal sameiginlegu EES-nefndina um þessar ákvarðanir og skal hún með reglubundnu millibili birta lista yfir slíkar ákvarðanir í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.“.

- f) Eftirfarandi er bætt við á eftir orðunum „1. janúar 2022“ í 60. gr.:

„eða, að því er varðar EFTA-ríkin, gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. ... / ... [þessi ákvörðun],“.

- g) Í 1. mgr. liðar 1.5 í I. hluta II. viðauka er eftirfarandi bætt við á eftir orðinu „Danmörku“:

„, og beðum sem hafa verið vottuð sem lífræn með tilliti til þessarar notkunar fyrir 14. júní 2018 í EFTA-ríkjunum“.

- h) Eftirfarandi er bætt við listann í IV. viðauka:

„IS lífrænt.

NO: økologisk.““

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2019/848, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 270, 29.10.2018, bls. 37, Stjtið. ESB L 305, 26.11.2019, bls. 59, Stjtið. ESB L 7, 11.1.2021, bls. 53, og Stjtið. ESB L 204, 10.6.2021, bls. 47, og reglugerðar (ESB) 2019/1693, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel [...].

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
formaður.*

[\[...\]](#)

*The Secretaries  
To the EEA Joint Committee*

[\[...\]](#)

---

\* [Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.] [Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.]